

Breytingar á tollum 1. mars 2007

Einn hluti af tillögum ríkisstjórnarinnar til lækkunar á matvöruverði sem kynntar voru sl. haust var að almennir tollar á innflutum kjötvörum yrðu lækkaðir um allt að 40% auk þess sem unnið yrði áfram að frekari gagnkvæmum tollalækkunum og bættum markaðsaðgangi gagnvart helstu viðskiptalöndunum. Útfærsla á þessu ákvæði tillagnanna var seint á ferðinni og lá raunar ekki ljós fyrir fyrir en um sl. mánaðarmót þegar breytingarnar tóku gildi. Aðilum gafst því lítill tími til að kynna sér og meta áhrif breytinganna fyrir þann tíma.

Þær breytingar sem tilkynntar hafa verið eru þríþættar.

1/Tollar af kjöti sem flutt er inn frá löndum Evrópusambandsins lækka um 40%. Tollar af kjötvörum fluttum inn frá öðrum svæðum haldast óbreyttir.

Tollar skiptast annars vegar í verðtoll sem er í prósentum og reiknast á innflutningsverð vörunnar og hins vegar magntoll sem leggst á hvert kíló vörunnar óháð verði hennar.

Ef verðtollur er 30% og magntollur kr. 500 á kíló er tollur á vöru sem kostar kr. 1.000/kg í innflutningi, kr. 300 (verðtollur) + kr. 500 (magntollur). Tollurinn sem greiða þarf til að flytja inn 1 kg. Tollar á þessari vöru er því samtals kr. 800.

Um 30% af því kjöti sem flutt var inn til landsins á árinu 2006 kom frá löndum utan Evrópusambandsins og var það aðallega nautakjöt.

Dæmi um breytingar á tollum þann 1. mars.

- Kjúklingabringur, frosnar

Fyrir 1. mars '07

Almennur tollur: 30% verðtollur og kr. 900 magntollur á hvert kíló

Eftir 1 mars '07

Almennur tollur: Óbreyttur

ESB –tollur: 18% verðtollur og kr. 540 magntollur á hvert kíló.

- Nautalundir, frosnar

Fyrir 1. mars '07

Almennur tollur: 30% verðtollur og kr. 1.462 magntollur á hvert kíló

Eftir 1 mars '07

Almennur tollur: Óbreyttur

ESB –tollur: 18% verðtollur og kr. 877 magntollur á hvert kíló.

2/ Aukning á tollkvótum á innfluttu kjöti og kjötafurðum, osti og kartöflum frá löndum Evrópusambandsins.

Tollkvótar eru heimildir til innflutnings á ákveðnu magni af vörum án tolla. Að jafnaði vilja margir aðilar fá þessar heimildir og því er farin sú leið að bjóða upp kvótana og hlýtur hæstbjóðandi heimildina. Þó ekki séu tollar á **hinni** innfluttu vöru er að jafnaði greitt hátt verð fyrir tollkvótana sem leggst á endanlegt verð vörunnar og því ekki hægt

að tala um að vörur sem fluttar eru inn skv. tollkvóta sem greitt hefur verið fyrir séu tollfrjálsar því greiðslan fyrir tollkvótann er eins konar innflutningsgjald eða tollur. Hver áhrifin af auknum tollkvótum verða er mjög óljóst. Ásókn í þá kvóta sem fyrir voru hefur að jafnaði verið mikil og hátt verð verið greitt er fyrir þá í útboðum. Ólíklegt verður því að teljast að þetta hafi áhrif til lækkunar á matvöruverði en gæti mögulega opnað aðgang að markaðnum fyrir fleiri erlenda framleiðendur. Sem dæmi má nefna að í uppboðum á tollkvótum á árinu 2006 voru að meðaltali greiddar kr. 719/kg fyrir heimild til innflutnings á kjúklingabringum og á sama tíma var innkaupsverð vörunnar (FOB) að meðaltali kr. 429/kg.

Alþýðusambandið hefur gangrýnt það fyrirkomulag að bjóða út tollkvótana og telur ólíklegt að með því fyrirkomulagi skili auknir kvótar sér í lægra vöruverði til neytenda. Líklegra er að ávinningur neytenda væri mun meiri ef úthlutun tollkvóta væri endurgjaldslaus án heimildar til framsals og þeim kvótum sem ekki væru nýttir væri endurúthlutað.

3/ Tollar teknir upp að nýju á ferskt grænmeti sem flutt er inn frá löndum utan Evrópusambandsins en grænmeti frá ESB verður áfram tollfrjálst.

Samkvæmt tvíhliða samkomulagi við ESB verða tollar felldir niður af ákveðnum grænmetistegundum sem fluttar eru inn frá Evrópusambandslöndunum en um leið verða almennir tollar teknir upp að nýju á þessar tegundir sem fluttar eru inn frá öðrum löndum. Þessar grænmetistegundir hafa skv. reglugerðum verið tollfrjálsar sl. ár óháð upprunalandi. Helstu grænmetistegundir sem um ræðir eru salat, tómatar, paprika, gúrkur, laukur, eggaldin, spínat, kúrbítur, ólífur og steinselja. Almennir tollar á þessar vörur verða 30% verðtollur og 0-400 króna magntollur á kíló og skv. reglugerð tekur þessi breyting gildi þann 27. mars nk. Af þeim grænmetistegundum sem um ræðir og fluttar voru hingað til lands á árinu 2006 kom um fjórðungur frá löndum utan Evrópusambandsins. Ljóst er að þessar breytingar munu hafa í för með sér verulega hækkun á verði þeirra vara sem fluttar eru inn frá löndum utan Evrópusambandsins og líkur til þess að enn stærri hluti þessara vara verði fluttur inn frá Evrópu en verið hefur.

Að auki eru tollar felldir niður á frosnu grænmeti sem flutt er inn frá löndum Evrópusambandsins. Á frosnu grænmeti sem flutt er inn frá löndum utan ESB er áfram 30% almennur verðtollur.